1857. 6. janúar. þann á hendur um þann tíma, sem hinn átti eptir, því annars væri hætt við, að fleiri en einn nefndarmaður færi frá í einu, og væri það beinlínis móti því sem til var ætlazt.

---

21. janúar. **4. Lög um skrifstofupeninga handa amtmönnunum og landfógetanum á Íslandi.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Lög þessi hefir ríkisþingið fallizt á og Vèr staðfest með samþykki Voru:

Frá 1. dag aprílmán. 1857 fær stiptamtmaðurinn og amtmennirnir á Íslandi þessa skrifstofupeninga:

stiptamtmaðurinn	1200 rd.
amtmaðurinn í norður- og austuramtinu. . .	600 -
amtmaðurinn í vesturamtinu	550 -

Frá sama tíma fær landfógetinn á Íslandi til skrifstofuhalds . . . . . 300 -.

Greiða má út kostnað þann sem rís af lögum þessum á ríkisfjár-árinu 1857—1858.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

---

14. marz. **5. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um sóttvarnarhald á Íslandi á skipum frá Norvegi.**

Utanríkisstjórnin hefir sent fyrirspurn um, hvort skip frá Kristjánssandi í Norvegi, hvar bólusótt nú sem stendur gengur, geti legið í sóttvarnarhaldi á Íslandi ef á þyrfti að halda. Í tilefni af þessu hefir dómsmálastjórnin sent utanríkisstjórninni

hin helztu lagaboð um sóttvarnarhald á Íslandi, nefnilega til- 1857.
skipun 8. febrúar 1805, opið brèf 20. júní 1838 og umburðar- 14. marz.
brèf 5. júlí 1851, og um leið beðið um að lagaboð þessi yrði send hlutaðeigandi verzlunarfulltrúum í Norvegi til hliðsjónar við skip þau, sem kynni að taka leyfisbrèf til Íslands.

Þetta vil eg ekki undan fella að skýra herra stiptamtmanninum (amtmanninum) frá til þóknanlegrar vitundar.

---

6. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu um lögreglugæzlu á Akureyri. 21. marz.

Með þóknanlegu brèfi 11. júní f. á. hafið þèr herra amtmaður sent dómsmálastjórninni álit sýslumanns Briems, um þá uppástúngu yðar, viðvíkjandi lögreglugæzlu á verzlunarstaðnum Akureyri, sem stjórnin hafði beðið um í brèfi sínu 20. febrúar s. á., og sem var þess innihalds, að það fyrst um sinn, meðan sýslumaður Bríem hefir embætti það sem hann nú er í, væri gjört honum að skyldu, að útvega sèr fulltrúa; og skyldi þá amtmaður setja þenna mann til þess, sýslumannsins vegna og þannig að hann hefði alla ábyrgð af, að sjá um allt það sem með þarf þegar skip frá útlöndum koma til Íslands og að hafa vanalega lögreglugæzlu í verzlunarstaðnum, eins og einnig að gjöra þau hin önnur embættisverk, sem lögin leyfa að megi trúa slíkum fulltrúa fyrir, og skyldi fulltrúinn fyrir þenna starfa sinn fá 50 rd. úr jafnaðarsjóði amtsins, en að öðru leyti ætti hann kaup hjá sýslumanninum, eptir því sem þeim semdi um.

Þareð nú opið brèf 24. nóvember f. á. ákveður, að kostnað þann, er leiðir af þeim ráðstöfunum, sem gjöra þarf til að fram fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglíngar og verzlun á Íslandi, skuli greiða í hverju amti úr jafnaðarsjóði amtsins, læt eg ekki hjá líða að skýra yður frá til þóknanlegrar vitundar og frekari